



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá vegna skólamálsverða í Grunnskóla Grundarfjarðar

Gildir frá 1. janúar 2022

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á málsverði í hádeginu, fimm daga í viku, mánudag til föstudags í samræmi við opinber manneldismarkmið. Maturinn er eldaður í eldhúsi leikskólans. Hægt er að velja milli þess að vera í áskrift mánudaga-fimmtudaga eða mánudaga-föstudaga.

2. gr.

Eingöngu er hægt að vera í fullri áskrift og er fast mánaðargjald **6.641 kr.** fyrir fjóra daga í viku, en **8.173 kr.** fyrir fimm daga í viku, mánuðina september-maí. Verð á hverri máltíð er **420 kr.** í fullri áskrift. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfelld.

Gjald fyrir ávaxtaáskrift er **1.568 kr.** á mánuði.

3. gr.

Skráning í mat er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðamót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn 14. desember 2021.

Grundarfirði, 14. desember 2021

*Björg Ágústsdóttir
bæjarstjóri*